

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi Nesjavalla, endurskoðun á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis.*
Í breytingu, á skipulagi iðnaðarsvæðis virkjunar á Nesjavöllum felst m.a. stækkun á svæði fyrir niðurrenslisholur, breyting á stærð og afmörkun borsvæða auk þess sem gert er ráð fyrir stækkun stöðvarhúss svæðis fyrir kæliturn.
Samþykkt í sveitarstjórn 16. janúar 2013.
2. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Ásgarðs, svæði 2 og 3.*
Í breytingunni felst að tíu nýjum lóðum er bætt við frístundabyggðina á svæði 2 og 3 í landi Ásgarðs. Lóðirnar eru á bilinu 5.800 – 7.760 m² og eru staðsettar á svæði sem áður var ætlað til útivistar innan frístundabyggðarinnar. Deiliskipulagsskilmálar gildandi deiliskipulags samþykktir 11. júlí 1996 með síðari breytingum gilda áfram.
Samþykkt í sveitarstjórn 16. janúar 2013.
3. *Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Öndverðarness 2.*
Deiliskipulagið nær til tveggja frístundalóða og er önnur lóðin óbyggð. Heimilt er að reisa 110 m² frístundahús á þeirri lóð sem óbyggð er. Á þegar byggðri lóð er 54 m² frístundahús ásamt 9 m² geymslu og er heimilt að byggja kvist við núverandi frístundahús.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. febrúar 2013.
4. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Öndverðarness 2, Ferjubraut.*
Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir 6 nýjum lóðum innan skipulagssvæðisins við Ferjubraut. Hámarksstærð frístundahúsa verður 250 m² og hámarks nýtingarhlutfall 0,03. Einnig má reisa allt að 40 m² geymslu, svefnhús eða gróðurhús.
Samþykkt í sveitarstjórn 5. desember 2012.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 2. maí 2013.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.